# REIKNINGUR

## Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1978.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Vextir af bankainnstæðum | | kr. 80 109.00 |
| | | 80 109.00 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur umfram gjöld | | kr. 80 109.00 |
| | | 80 109.00 |

### Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1978.

Eignir:

| | | |
|---|---|---|
| Bankainnstæður | | kr. 461 639.00 |
| | | 461 639.00 |

Skuldir:

| | | |
|---|---|---|
| Höfuðstólsreikningur: | | |
| Hrein eign pr. 1. jan. 1978 | kr. 381 530.00 | |
| Hreinar tekjur árið 1978 | — 80 109.00 | kr. 461 639.00 |
| | | 461 639.00 |

*Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1979.*

**Brynjólfur Ingólfsson.**

2. júlí 1979. Nr. 345.

# AUGLÝSING

## um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Á bifreiðastæðum sunnan Hamraborgar við húsin nr. 2—14 skulu bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur í senn fyrir hverja bifreið á þeim tíma sem verslanir eru almennt opnar.
2. Á bifreiðastæðum norðan Digranesvegar milli akbrautar og pósthúss skulu bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í senn fyrir hverja bifreið.
3. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við vestanverða Hrímborg að sunnanverðu, þ. e. við gangstétt norðan útibús Útvegsbanka Íslands.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 2. júlí 1979.*

**Sigurgeir Jónsson.**